



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 4 · 150 Reykjavík
sími: 545 9500 · bréfsími: 562 3068
postur@mnr.is · menntamálaráðuneyti.is

Fisktækniskóli Íslands ehf
Ólafur Jón Arnbjörnsson
Víkurbraut 56
240 Grindavík

Reykjavík 20. febrúar 2015
Tilv.: MMR15010392/9.41-

Efni: Umsókn um viðurkenningu á Fisktækniskóla Íslands ehf. sem einkaskóla á framhaldsskólastigi og þjónustusamning 2015-2018

Með bréfi, dags. 20. nóvember 2014, sótti Fisktækniskóli Íslands ehf. um framhaldandi viðurkenningu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi og þjónustusamning fyrir árin 2015-2018. Með umsókninni fylgdu skólanámskrá, upplýsingar um fjárhagslega ábyrgð og fjárhagslegt rekstraröryggi, vottorð frá yfirvöldum heilbrigðis- og brunamála og yfirlýsing um veitingu upplýsinga. Í kjölfarið fylgdu frekari upplýsingar um fjárhag og rekstur.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið móttækur umsóknina með bréfi, dags. 28. nóvember 2014, þar sem tilkynnt er um þriggja mánaða afgreiðslufrest og að reynt verði að koma til móts við ósk um flýtimeðferð.

Skv. III. kafla laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 getur ráðherra veitt framhaldsskólum, öðrum en opinberum framhaldsskólum, viðurkenningu til kennslu á framhaldsskólastigi. Reglugerð um viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi nr. 426/2010 byggir á þessum kafla laganna.

Fisktækniskólinn Íslands ehf. sækir um viðurkenningu fyrir grunnnám í fisktækni með námslok á 2. hæfniprepi. Eftir yfirferð á skólanámskrá, bæði almennum hluta og námsbrautalýsingu, gerir ráðuneytið eftirfarandi athugasemdir: Ekki kemur skýrt fram hvernig námsbraut eða námsbrautum skólans er háttað, skýrar þarf að koma fram hversu margar einingar námið er og fagbréf við námslok hefur ekki merkingu í íslensku menntakerfi. Fram kemur að námið mennti fólk til fiskvinnslustarfa en fram þarf að koma hvort námið er undirbúningur undir frekara nám ef það á við, vísað er til viðbótarnáms sem ekki er í skólanámskrá. Hlutfall námseininga á hæfniprepum fellur ekki að viðmiðum aðalnámskrár 2011 fyrir nám með námslok á 2. hæfniprepi.

Skólinn skal vinna áfram að þróun námskrárinnar, bæta úr meðfylgjandi athugasemdum og setja námskrána í námskrárgrunn ráðuneytisins til staðfestingar, fyrir 1. maí 2015. Starfsnám með námslok á 2. hæfniprepi eða ofar er ekki skilgreint sem framhaldsskólapróf, það er almennara nám. Hér er um að ræða sérhæft nám og í námskrárgrunni myndi það vera skilgreint sem grunnnám starfsgreina, önnur lokapróf.

Fjárhags- og rekstrargögn hafa verið yfirfarin. Rekstraruppgjör Fisktækniskólans ehf. fyrir janúar - september 2014 sýnir hagnað uppá 16,9 m.kr., rekstraráætlun fyrir 2014 miðar við að hagnaður verði 2,9 m.kr. og veltufjárhlutfall er jákvætt. Af áætlun um aukið hlutfé upp á 6

m.kr. hafa 5.255.949 m.kr. verið greiddar.

Upplýsingar frá slökkviliði og heilbrigðiseftirliti og yfirlýsing ábyrgðaraðila eru fullnægjandi.

Í ljósi þess sem hér er rakið veitir mennta- og menningarmálaráðuneytið Fisktækniskóla Íslands ehf. viðurkenningu til kennslu í grunnnámi í fisktækni með námslok á 2. hæfniprepi og gildir viðurkenningin til 31. júlí 2017.


Viðurkenningin felur hvorki í sér viljrði um fjárframlög né skuldbindingar af hálfu ríkissjóðs. Hún veitir nemendum sem stunda nám á brautinni ekki sjálfkrafa rétt til fyrirgreiðslu úr Lánasjóði íslenskra námsmanna.

Ósk um endurnýjun viðurkenningar þarf að leggja fram ásamt fullnægjandi gögnum a.m.k. þremur mánuðum áður en hún rennur út, eigi að vera tryggt að hægt sé að afgreiða hana fyrir þann tíma. Fisktækniskóli Íslands ehf. skal birta viðurkenningarbréf þetta á vef sínum.

Skv. 43. gr. laga um framhaldsskóla greiðir ríkissjóður rekstrarframlög til þeirra framhaldsskóla sem njóta framlaga í fjárlögum. Skólar sem njóta framlaga eru opinberir framhaldsskólar og aðrir framhaldsskólar sem ráðherra gerir þjónstusamninga við um kennslu á framhaldsskólastigi, enda hafi þeir hlotið viðurkenningu skv. 12. gr. laganna. Á grundvelli þeirrar viðurkenningar sem hér er veitt, ótímabundinna framlaga sem tilgreind eru í fjárlögum og þess að námskrá verði sett í námskrárgrunn ráðuneytisins fyrir 1. maí nk., lýsir ráðuneytið sig tilbúið til samningaviðræðna um langtímasamning.

Fyrir hönd ráðherra


Hellen Gunnarsdóttir


Ólafur Sigurðsson